

Ávarp heilbrigðismálaráðherra

15. mars 2005

Kæru félagar.

Það er mér sérstök ánægja að vera viðstaddur hér í dag opnun nýrrar aðstöðu fyrir Teig, dagdeild vímuefna meðferðar við Landspítala-Háskólasjúkrahús. Mér er sagt að flutningurinn gerbreyti allri aðstöðu og geri þá um leið spítalanum kleyft að bæta þá góðu þjónustu sem í boði er.

Húsin á Flókagötu sem áður hýstu Teig fá nú nýtt hlutverk sem áfangenheimili fyrir geðfatlaða og hef ég heyrt að hinir nýju íbúar þeirra þess húss sem þegar hefur verið tekið í notkun séu ánægðir með sitt nýja heimili og finni þann góða anda sem í húsunum er.

Með flutningi Teigs í geðdeildarbygginguna er aukinn samrekstur þriggja deilda vímuefnadeildar mögulegur og um leið er hægt að samnýta meðferðarúrræði og auka einstaklingsmiðaða meðferð við þá sjúklinga sem meðferðina þurfa. Mér er einnig sagt að við flutninginn hafi tækifærið verið notað og húsnæði almennu göngudeildarinnar verið breytt og bætt og sjá stjórnendur þeirrar deildar fyrir sér að auka við og bæta meðferð við átröskunum. Ég geri mér vonir um að ég geti stutt við þær áætlanir á nýju fjárlagaári.

Um leið og ég óska starfsfólki og sjúklingum vímuefnadeildarinnar til hamingju með nýju aðstöðuna óska ég ykkur velfarnaðar í ykkar störfum og verkefnum.

Takk fyrir.